

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

9. janúar 2026
UOS2501693/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 28. ágúst 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti hjá Arnarlaxi ehf. í Arnarfirði ID 168 þann 1. júlí 2025. Þann 9. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili fékk ekki tilkynningu vegna útsetningu seiða í Tjaldnes. Rekstraraðili hefur bætt verklag sitt og er tilkynningaskyldan komin í réttan farveg og mun Arnarlax sjá til þessar að allar tilkynningar um útsetningar berist eftirlitsaðila í tæka tíð.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur í teymi eftirlits